

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Jólagjafasjóð Guðmundar Andrés-sonar gullsmíðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. júní 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jólagjafasjóð Guðmundar Andrés-sonar gullsmíðs.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæði í erfðaskrá Guðmundar Andrés-sonar, gullsmíðs dags. 11. okt. 1968, en hann andaðist 11. nóv. 1968.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til barna, gamalmenna og annarra vist-manna, er dvelja langdvölum á sjúkrahúsum landsins, hælum, elliheimilum og barnahælum svo og til hjúkrunarvæna.

Styrkina skal veita um jólaleytið ár hvert.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir forsjá landlæknisembættisins og annast það fjár-vörzlu hans og reikningshald. Ríkisendurskoðunin skal hafa eftirlit með sjóðnum og árlega endurskoða reikninga hans.

4. gr.

Með úthlutun úr sjóðnum fer 3 manna úthlutunarnefnd. Skal hún skipuð land-lækni, biskupinum yfir Íslandi eða fulltrúa er hann tilnefnið og manni kjörnum af stórstúku IOOF á Íslandi.

5. gr.

Eignir sjóðsins sem nú eru að mestum hluta í öðru en peningum, skulu seldar og skal við söluna fylgt fyrirmælum arfleiðsluskrár. En þess skal gætt eftir því sem unnt er að sjóðurinn sé jafnan varðveittur í verðtryggðum eignum. Landlæknis-embættið skal ráðstafa eignavörzlu sjóðsins, og hafa þar um samráð við úthlut-unarnefnd.

6. gr.

Við vörzlu sjóðsins skal þess jafnan gætt svo sem unnt er að eignir hans ekki rýrni að verðgildi. Skal úthlutunarnefnd miða fjárveitingar úr sjóðnum við það. Meðan eignum sjóðsins hefur ekki verið komið í vaxtabærar eignir að fullu má þó úthluta úr sjóðnum allt að kr. 100 000.00 á ári, en gæta skal þess að slíkar fjárveitingar verði aftur lagðar við sjóðinn á næstu árum eftir því sem vaxtatekjur hans leyfa.

7. gr.

Úthlutunarnefnd skal gjöra sér grein fyrir hag og þörfum fólks þess, er styrkja úr sjóðnum fær notið og setur sér að öðru leyti starfsreglur.

Úthlutunarnefnd skal halda gjörðabók um starf sitt, úthlutanir úr sjóðnum og fjárvarðveislu sjóðsins.

Þannig sett og samþykkt samkvæmt fyrirmælum erfðaskrár Guðmundar Andrés-sonar dags. 11. okt. 1968.

12. febrúar 1970.

Sigurður Sigurðsson.

Sigurbjörn Einarsson.

Reynir Oddsson.

Kr. Kristjánsson.